

24. júní 1988

739

Nr. 330

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 596/1987, um uppgjör á innheimtu staðgreiðslufé, með síðari breytingum.

1. gr.

3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Áætlun fyrir hvert sveitarfélag skal margfölduð með umsömdu hlutfalli og fundin bráðabirgðainnborgun ríkissjóðs fyrir hvern mánuð. Hlutföll þessi ákveðast sem hér segir: Í júlí 1988 sem samsvarar 9,44% af áætlun samkvæmt þessari grein. Í ágúst 1988 sem samsvarar 8,01% af áætlun samkvæmt þessari grein. Í september 1988 sem samsvarar 8,01% af áætlun samkvæmt þessari grein. Í október 1988 sem samsvarar 8,01% af áætlun samkvæmt þessari grein.

Hlutfall hvers mánaðar er hið sama fyrir öll sveitarfélög.

2. gr.

2. og 3. másl. 3. gr. orðist svo:

Hver mánaðarinnborgun skal innt af hendi í fjórum hlutum. Skiladagar verði hinn 4., 11., 18. og 25. eða næsta virkan dag á eftir.

3. gr.

Í stað orðanna „30. júní 1988“ í 7. gr. reglugerðarinnar komi: 31. október 1988.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 32. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 1988 og gildir til 31. október 1988.

*Fjármálaráðuneytið, 24. júní 1988.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Snorri Olsen.*